

STJÓRN MÁLAÞÁTTTAKA FATLAÐS FÓLKS

LANDSSAMTÖKIN ÞROSKAHJÁL 2021



**MANNRÉTTINDI
FYRIR ALLA**



RÉTTINDI FATLAÐS FÓLKS

Í 29. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem íslensk stjórnvöld hafa skuldiðbundið sig til að framfylgja, er fjallað um þátttöku í stjórnmálum og opinberu lífi. Þar segir:

„Aðildarríkin skulu tryggja fötluðu fólki stjórnmálaleg réttindi og tækifæri til þess að njóta þeirra til jafns við aðra og skulu jafnframt:

a) tryggja að fötluðu fólki sé gert kleift að taka virkan og fullan þátt í stjórnmálum og opinberu lífi til jafns við aðra, með beinum hætti eða fyrir atbeina fulltrúa að eigin frjálsum vali, þ.m.t. rétt og tækifæri til þess að kjósa og vera kosið, þar á meðal með því:

- i. að tryggja að kosningaaðferðir, kosningaaðstaða og kjörgögn séu við hæfi, aðgengileg og auðskilin og auðnotuð,
- ii. að vernda rétt fatlaðs fólks til þess að taka þátt í leynilegri atkvæðagreiðslu í kosningum og þjóðaratkvæðagreiðslum án ógnana og til þess að bjóða sig fram í kosningum, að gegna embættum með árangursríkum hætti og að sinna öllum opinberum störfum á öllum stigum

stjórnsýslu, jafnframt því að greiða fyrir notkun hjálpartækja og nýrrar tækni þar sem við á,

iii. tryggja að fatlað fólk geti tjáð vilja sinn sem kjósendur á frjálsan hátt og að heimilað sé í þessu skyni, þar sem nauðsyn krefur og að ósk þess, að það njóti aðstoðar einstaklings að eigin vali við að greiða atkvæði,

b) vinna á virkan hátt að mótun umhverfis þar sem fatlað fólk getur tekið árangursríkan og fullan þátt í opinberri starfsemi, án mismununar og til jafns við aðra, og hvetja til þátttöku þess í opinberri starfsemi, þar á meðal:

i. þátttöku í starfsemi frjálsra félagasamtaka og samtaka, sem láta sig málefni almennings varða og stjórnmálalíf viðkomandi lands, og í störfum og stjórn stjórnmálaflokka,

ii. þátttöku í því að móta og gerast aðilar að samtökum fatlaðs fólks til að koma fram fyrir hönd fatlaðs fólks á alþjóðavettvangi, heima fyrir á landsvísu og innan landsvæða og sveitarfélaga.“

HLUTVERK STJÓRNMÁLAFLOKKA

Stjórnvöld bera, eins og fram kemur í b) lið 29. greinar samningsins, ábyrgð á að tryggja að fatlað fólk geti tekið þátt í stjórnmálalífi, störfum og stjórnun þeirra. Það er flokkunum sjálfum og samfélaginu öllu til hagsbóta að tryggja að fatlað fólk sé hluti af þeirri fjölbreyttu flóru fólks sem tekur þátt í stjórnmálum.

Stjórnmálaflokkar bera mögulega ekki formlega skyldu í þessu samhengi umfram það sem lög mæla fyrir um. Flokkar sem bera virðingu fyrir mannréttindum og vilja fylgja skuldbindingum stjórnvalda á því sviði ættu að taka hlutverk sitt mjög alvarlega um að tryggja öllum íbúum landsins öruggt aðgengi að lýðræðislegri þátttöku.

Þátttaka fatlaðs fólks í stjórnmálum og samfélaginu er nauðsynleg til þess að útrýma fordómum, staðalímyndum og aðskilnaði fatlaðs fólks frá almennarýminu. Útilokun fatlaðs fólks kemur í veg fyrir að það geti gætt hagsmuna sinna og haft áhrif á samfélagið sitt. Stjórnmálaflokkar geta haft mikil og góð áhrif á að málefni fatlaðs fólks njóti virðingar samfélagsins hafi þeir metnað fyrir því að bjóða fatlað fólk, skoðanir þess og reynsluheim velkomin í flokksstarf sitt.



HINDRANIR Í AÐGENGI

1 SKORTUR Á AÐGENGI

Fatlað fólk mætir aðgengisleysi í daglegu lífi. Þetta getur verið skortur á líkamlegu aðgengi, svo sem römpum, lyftum o.þ.h. en einnig skortur á upplýsingum á máli sem fatlað fólk skilur, s.s. auðlesið mál og túlkapjónusta.

2 FORDÓMAR

Fatlað fólk mætir margvíslegum fordómum. Stundum mætir það hatursorðræðu og andlegu ofbeldi en oft eru fordómarnir duldir. Þetta getur verið útskúfun, tillitsleysi, óviðeigandi ummæli og sú trú að fatlað fólk sé óæðra, óæskilegt og eigi ekki skilið að hafa sömu réttindi og annað fólk.

3 STUÐNINGSLEYSI

Margt fatlað fólk þarf að reiða sig á ófullkomna þjónustu. Það ræður ekki tíma sínum sjálft, hefur lítinn stuðning til þátttöku í samfélaginu, getur illa sinnt athöfnum daglegs lífs utan þess stað sem það býr, t.d. að matast, komast um og nota salerni.



VIÐHORF TIL FÖTLUNAR

GÓÐGERÐARNÁLGUN

Sú trú að fatlað fólk sé hjálparþurfi og líf þess sé harmleikur. Það þurfi á vorkunn og ölmusu að halda.

LÆKNISFRÆÐILEG NÁLGUN

Sú trú að fötlun sé vandamál sem þurfi að leysa með læknisfræðilegum úrræðum. Markmiðið er að laga fólk eða draga úr fötlun þess til að gera það „eðlilegt“.

FÉLAGSLEG NÁLGUN

Sú trú að fötlun sé afleiðing þess að fólk þurfi að laga sig að samfélagi sem ekki er gert fyrir það. Þannig sé vandamálið t.a.m. ekki að heyrnarlaus manneskja heyri ekki, heldur skortur á táknmálstúlkun og þekkingu á táknmáli.

MANNRÉTTINDA NÁLGUN

Sú sannfæring og staðreynd að fatlað fólk sé jafnt öðrum og hafi sömu réttindi og annað fólk, og að það sé hlutverk stjórnvalda að verja þessi réttindi.

HVAÐ GETA STJÓRNMÁLAFLOKKAR GERT?

Stjórnmálaflokkar geta gert margvíslegar ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk hafi tækifæri til þess að taka þátt í starfi þeirra.

- Tryggt aðgengi á alla viðburði og í húsnæði flokksins. Segðu frá hvernig aðgengið er til að auðvelda fötluðu fólki að ákveða hvort það henti þörfum þess. Er aðgengi inn en ekkert salerni? Láttu vita.
- Ekki taka fram fyrir hendurnar á fötluðu fólki. Sýndu því skilning ef fatlað fólk afþakkar aðstoð þína eða vill ekki stuðning.
- Stefna flokksins þarf að bera þess merki að skilningur sé á að þarfir fatlaðs fólks eru ólíkar eftir því hvers eðlis fötlunin er, og að fatlað fólk tilheyrir öllum hópum samfélagsins.
- Ekki ætlast til þess að sérfræðipækking fatlaðra flokksmanna sé ókeypis. Ráðið fatlað fólk í hóp starfsmanna.
- Hafðu skýrt hvert viðkomandi á að leita ef hann verður fyrir fordómum eða upplifir fötlunarfordóma í starfsemi flokksins.
- Ekki öll fötlun er sýnileg. Ekki meina fólki að nýta sér aðgengislausnir og aðstoð bara vegna þess að viðkomandi lítur í þínum augum ekki út fyrir að vera fatlaður.
- Settu stefnu og upplýsingar um flokkinn og starfsemi hans á auðlesió mál fyrir fólk með þroskahömlun og skyldar fatlanir.
- Bjóddu upp á táknmálstúlkun á viðburðum. Oft er þöntun fyrir slíkt auglýst í viðburðarlýsingu.

UM LANDSSAMTÖKIN ÞROSKAHJÁLP

Landssamtökin Þroskahjálpi voru stofnuð haustið árið 1976 í því skyni að sameina þau félög, sem vinna að réttinda- og hagsmunamálum fatlaðs fólks. Alls eiga 22 félög aðild að samtökunum.

Samtökin leggja sérstaka áherslu á hagsmuni fólks með þroskahömlun og fatlaðra barna. Öll vinna okkar byggir á sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

HAFA SAMBAND



Facebook

facebook.com/throskahjalp



Instagram

[@throskahjalp](https://instagram.com/throskahjalp)



Vefsíða

www.throskahjalp.is



Netfang

throskahjalp@throskahjalp.is



Sími

588 9390

ÁBYRGÐAMENN BÆKLINGS

Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir

Árni Múli Jónasson